

Föstudaginn 30. mars 1928.

Nr. 51/1928.

Pjetur Oddsson (Pjetur Magnússon)
gegn

O. Ellingsen (L. Fjeldsted).

Um sjóveðrjett.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 14. okt. 1925: Stefnur, Jón Guðmundsson, greiði stefnandanum, O. Ellingsen kr. 2662,76 með 5 % ársvöxtum frá 1. maí 1924 til greiðsludags og kr. 221,50 í málskostnað og á stefnandi sjóveðrjett í uppboðsandvirði vj./b. I. S. 404 »Barða« fyrir þessum upphæðum að svo miklu leyti sem til hrekkur.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Vjelbáturinn Barði I. S. 404, er ræðir um í máli þessu, var seldur á nauðungaruppboði í Reykjavík í ágústmánuði 1924 og fjekk áfrýjandi Pjetur Oddsson uppboðsafsal fyrir bátnum 10. nóv. s. á. en á nauðungaruppboðinu hafði stefndi O. Ellingsen gert kröfu til þess að skuld bátsins til hans fyrir útteknum vörum að upphæð 2662 kr. 76 a. yrði greidd af uppboðsandvirðinu, þar sem henni fylgdi sjóveðrjettur í bátnum, en með því að þessu var mótmælt höfðaði stefndi mál á móti útgerðarmanni bátsins Jóni Guðmundssyni og lauk því máli svo fyrir sjódomi Reykjavíkur 14. okt. 1925, að Jón Guðmundsson var dæmdur til að greiða hina umstefndu upphæð 2662 kr. 76 a. ásamt 5 % ársvöxtum frá 1. maí 1924 til greiðsludags og 221 kr. 50 a. í málskostnað, og var jafnframt ákveðið að stefndi ætti sjóveðrjett í uppboðsandvirði bátsins fyrir þessum upphæðum að svo miklu leyti sem til hrekkur.

Þessum dómi hefir uppboðskaupandi bátsins skotið til hæstarjettar með stefnu útgefni 29. júní f. á. að

fengnu áfrýjunarleyfi útgefnu 3. s. m. og krafist þess að sjóveðrjetturinn verði feldur niður og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarjetti.

Stefndi hefir hins vegar krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar.

Áfrýjandi byggir kröfu sína aðallega á því, að samningurinn um vöruúttektina til skipsins hafi verið gerður af þáverandi eiganda og útgerðarmanni bátsins Jóni Guðmundssyni, og hafi hann verið hjer staddur allan útgerðartíma bátsins, vetrar- og vorvertiðina 1924, eingöngu í því skyni að annast útgerð bátsins, en stefndi byggir kröfu sína um staðfestingu dómsins á því, að skipið hafi verið statt hjer utan heimilis síns, er úttektin átti sjer stað, að vörurnar, sem út hafi verið teknar, hafi allar gengið til útgerðar bátsins til fiskiveiða og að skipstjóri hafi annast úttektina, án þess að útgerðarmaður bátsins hafi verið við þá samninga riðinn, þótt hann væri hjer staddur.

Samkvæmt 236. gr. sbr. 53. gr. siglingalaganna má skipstjóri, þegar skip er utan heimilis síns, gera alla löggerninga, er snerta »framkvæmd ferðar hans« þann veg að sjóveðrjettur legst á skip og farm fyrir kostnaði þeim, er leiðir af slíkum löggerningum hans.

Skipið var nú að vísu statt utan heimilis síns meðan úttektin fór fram, en þetta er eigi nóg samkvæmt 53. gr. Löggerningur skipstjóra verður, samkvæmt hinum auðkendu orðum greinarinnar, ennfremur að snerta framkvæmd ferðar hans, en þetta getur ekki átt við bátinn. Bátur þessi fór frá Stykkishólmi 28. jan. 1924 til Reykjavíkur og var gerður út hjeðan allan tímann frá 28. jan. til 24. júní 1924 eða alla vetrar- og vorvertiðina. Og af málflutningnum hjer fyrir rjettinum og af því hvernig úttektinni var hagað má ráða að stefnda hafi verið kunnugt um að gera átti bát-

inn út hjeðan alla vetrar- og vorvertiðina. En þar sem svo var ástatt um bátinn, að hann er gerður út hjeðan allan þennan tíma, verður eigi sagt að úttektin hafi verið gerð til framkvæmdar einstakrar ferðar bátsins, heldur alment til útgerðar bátsins þetta tímabil, en til slíkrar úttektar gat skipstjóri ekki veðbundið bátinn á umræddan hátt. Verður stefnda þegar af þessari ástæðu ekki dæmdur sjóveðrjettur í bátnum, án þess að rannsaka þurfi hvort skipstjóri eða útgerðarmaðurinn hafi gert samninginn um úttektina.

Að öðru leyti á dómi sjórjettarins að vera óraskað.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Þvi dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað að öðru leyti en því, að sjóveðrjettur í vjelbátnum Barði I.S. 404 eða í uppboðsandvirði hans fyrir dómsupphæðunum fellur niður.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með samþykki stefnds, Jóns Guðmundssonar útgerðarmanns í Stykkishólmi, höfðað fyrir sjórjettinum með stefnu útgefinni 5. júní þ. á. af O. Ellingsen, kaupmanni hjer í bænum og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða sjer skuld, að upphæð kr. 2662,76 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1924 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafjelagsins og aukatekjulögin, kr. 221,50. Ennfremur hefir stefnandi krafist þess að viðurkendur verði í dóminum sjóveðrjettur sinn í uppboðsandvirði vjelarbátsins »Barða« I.S. 404, að svo miklu leyti, sem til hrekkur.

Stefndur hefir hvorki mætt nje mæta látið í málinu og er stefnan þó löglega birt honum. Verður þá eftir N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796. 2. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst 1832. 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Hin umstefnda skuld stafar af úttekt skipstjórans á framan-greindum vjalarbát, sem stefndur átti og gerði út, hjá stefndum vetrar- og vorvertiðina 1924 og hefir skipstjórinn vottað á hina framlögðu reikninga fyrir úttektinni, að þeir sjeu rjettir. Reikningarnir voru sýndir og greiðslu krafist á upphæðum þeirra við þriðja og síðasta nauðungaruppbod á vj./b. »Barða« $\frac{8}{10}$ 1924 og stefndur hefir viðurkennt skuldina 25. maí þ. á.

Verður því að taka kröfur stefnanda í málinu til greina að öllu öðru leyti en því, að vextirnir ákveðast 5 $\frac{0}{10}$ p. a.

Mánudaginn 16. apríl 1928.

Nr. 1/1928. **Petrína Kristín Kristjánsdóttir** (Kalman)
gegn

Ingimundi Guðmundssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 6. des. 1927: Vinni kærandi, Petrína Kristín Kristjánsdóttir, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, innan fimtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan Ingimund Guðmundsson, á tímabilinu frá 15. október til 15. nóvember f. á. skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól 11. júlí þ. á. og hlaut í skírninni nafnið Ágúst. Ber honum þá að greiða mcðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds, ennfremur 20 krónur í málskostnað. Vinni kærandi hinsvegar ekki svofeldan eið, skal kærður vera sýkn af öllum kröfum kærandi í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi, sem fengið hefir gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, hefir krafist þess fyrir hæstarjetti,